

gjald af sild, er útlendingar, sem hafa sezt að hjer á landi, veiða á þilskip sín eða báta á fjörðum landsins, eða í landhelgi, þegar sildin er söltuð niður úti í skipunum. 59. 23. maí.

Fyrir því vil jeg vísa yður til brjefs míns frá 26. júlí 1880 (B. 115.), þar sem tekið er fram, að það sjáist af alþingistíðindunum fyrir 1871 samanbornum við tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III. bls. 280, að tilskipun 12. febr. 1872 einnig ná til sildarveiða, og jafnframt bæta því við, að orðin í 1. gr. þessarar tilskipunar «og þar er lagður á land» að minni ætlun eiga ekki aðeins við sjálft landið en einnig við landhelgi. Tilskipunin, sem ákveður, að spítalagjald skuli greiða af umræddum fiskiafla, hvort heldur affinn er verkaður eða seldur óverkaður, og hvort heldur affinn er ætlaður til neyzlu í landinu sjálfu eða til útflutnings, gefur ekkert tilefni til að gjöra greinarmun á því, hvort fiskurinn er verkaður á skipi í landhelgi, og má skoða slíkt skip sem part af landi því, er það stendur í sambandi við, eða hvort hann er verkaður á fasta landinu sjálfu. Það er heldur eigi hin minnsta ástæða til að hyggja, að löggjöfin hafi viljað undanþiggja útlendinga, er hjer hafa sezt að, frá því gjaldi, sem hvílir á öllum öðrum íbúum landsins, jafnvel þó þeir hagi því svo, að hinu veiddi fiskur sje saltaður niður um borð í skipi, þegar affinn þó er fluttur út hjerðan af landi. Þetta á sjer stað um allan þann fisk, sem er veiddur eða verkaður í landhelgi; en allt annað á sjer stað um fiskiveiðar, sem stundaðar eru fyrir utan landhelgi af útlendum veiðimönnum, sem aðeins hafa leyfi til að leita hafnar á fjörðum landsins, þegar nauðsyn krefur. Lögin frá 17. des. 1875 (A. 28.) sbr. tilsk. um fiskiveiðar útlendinga við Ísland o. fl. 12. febr. 1872, eiga við hinar síðarnefndu fiskiveiðar, þar sem hinsvegar tilskipunin um spítalagjald af sjávarafli verður að ná til allra fiskiveiða landsbúa, undantekningarlaust og án tillits til, hvar og hvernig þær fara fram, og verður að greiða spítalagjald af aflanum, þegar hann er fluttur að landi, hvort sem hann er lagður á fast land eða á skip í landhelgi.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 60. sýslusjóðsgjald af brennisteinsnámunum. — Út af fyrirspurn sýslumannsins í Þingeyjar- 25. maí. sýslu, hvort Helgastadahreppur eða Skútustadahreppur eigi að greiða sýslusjóðsgjald af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu, hafið þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 15. janúar þ. á. skýrt mjer frá, að enginn vafi geti verið um það, að námar þessir liggi innan Skútustadahrepps, því þeir hafi verið seldir frá jörðunni Reykjahlíð og sjeu innan hennar landamerkjja. Þótt nú svo undarlega hafi tiltekizt, að námar þessir sjeu taldir í jarðabókinni frá 1861 aptan við Helgastadahrepp og ekki Skútustadahrepp, fáið þjer ekki sjeð að jarðabókin fyrir þetta gjöri eða geti gjört neina breytingu á takmörkum þessara sveitarfjelaga, því það hafi alls ekki verið tilgangur hennar. Eins og þjer því álitíð það sjálfsagt, að Skútustadahreppur en ekki Helgastadahreppur geti lagt sveitarútsvar á þá sem grafa brennistein úr námunum samkvæmt leigusamningi 13. apríl 1872, þannig sjáið þjer ekki betur en, að Skútustadahreppur eigi að greiða gjaldið af þeim til sýslusjóðs og ekki Helgastadahreppur, sem í engu sambandi stendur við þessa náma.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg er alveg samdáma því, sem þjer þannig hafið tekið fram.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 61. búnaðarskólagjald af eyðijörðum. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit amtráðs- 27. maí.